



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Samgöngunefnd Alþingis
b.t. Hafðisar H. Ólafsdóttur
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 120,436
komudagur 12/12 1995

Reykjavík 11. desember 1995.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands.

Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið. Eins og réttilega er getið í athugasemdum með frumvarpinu er starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins og Vita- og hafnamálastofnunar nátengd og því ekki óeðlilegt að sameina þær til að ná fram sparnaði í rekstri. Báðar framangreindar stofnanir vinna að verkefnum er tengjast siglingum, skipaflotanum og öryggi sjófarenda auk þess sem þær heyra undir sama ráðuneyti. Því er eðlilegt að starfsemin fari fram undir sama þaki og hafi sömu yfirstjórn til að sem mestri hagræðingu í rekstrinum verði náð. Þannig ætti einnig markviss þjónusta við viðskiptavinum að vera tryggð.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson
Hólmgeir Jónsson